



SKJÁBOÐI

Einföld öryggislausn fyrir vinnustaði





Öryggi á vinnustað

Með Skjáboðanum getur starfsmaður kallað eftir aðstoð í gegnum tölvuna sína svo lítið beri á. Tveir músasmellir og samstarfsfólk veit að óskað hefur verið eftir aðstoð. Skjáboðinn frá Securitas lætur ekki einvörðungu aðra samstarfsmenn vita af þeirri ógnandi stöðu sem viðkomandi starfsmaður er í, heldur er Skjáboðinn beintengdur öflugum viðbragðsaflum Securitas.

Skjáboðinn er fyrirferðarlítill hugbúnaður sem settur er upp í tölvum vinnustaðarins. Ef starfsmaður sendir boð, birtist tilkynning á skjái allra vinnustöðva sem eru með Skjáboðann virkan. Boðum er skipt í tvo flokka, gul og rauð, sem gefur margvíslega möguleika fyrir viðbragðsáætlun viðkomandi vinnustaðar.

Tegund boða - tvö stig

Gult boð er beiðni um nærveru eða íhlutun annarra samstarfsmanna. Ef viðskiptavinur sýnir ógnandi hegðun eða merki um ójafnvægi er oftast mjög auðvelt að draga úr alvarleika atburðarins með því að kalla til fleiri samstarfsmenn svo lítið beri á. Sama má segja um aðra tegund nærveru eins og íþyngjandi lengd samtals/viðveru viðskiptavinar, annarlegt ástand eða hvað eina sem kallar á aðstoð annarra samstarfsmanna.



Ef starfsmaður sendir rautt boð á samstarfsfélaga ber að taka slíku af mikilli alvöru. Rautt boð kallar á tafarlausa hjálp samstarfsmanna og getur einnig fylgt forgangsútkall frá viðbragðsaflum Securitas, samhliða því að Neyðarlínunni er tilkynnt um atburðinn. Rauð boð eru alltaf túlkuð sem árársarboð.





Árásarhnappur er sýnilegur á vinnuskjá starfsmanns

Lítið áberandi - Aðeins tveir músasmellir

Möguleiki á fjölbreyttum viðbrögðum

Alltaf til taks og einfaldur í notkun

Beintenging við stjórnstöð Securitas

Fljótlegt og skilvirkt

Það tekur innan við eina sekúndu að senda boð og kalla eftir aðstoð. Slíkt viðbragð tryggir að starfsmaðurinn sem sendir boðin er eins öruggur og hægt er. Starfsmaðurinn sér að boðin hafa verið viðurkennd af samstarfsmanni sem kemur til aðstoðar. Starfsmaðurinn veit einnig að stjórnstöð Securitas hefur fengið boðin og mun bregðast strax við. Skjáboðinn er alltaf virkur og alltaf tilbúinn.

Uppsetning og þjálfun

Securitas setur upp hugbúnaðinn fyrir Skjáboðann ásamt því að kenna starfsmönnum á hann. Æskilegt er að fyrirtækið hafi viðbragðsáætlun og skipuleggi æfingar hennar. Einnig þarf að æfa reglulega notkun Skjáboðans.

Hugbúnaður Skjáboðans er sjálfstæður öðrum öryggiskerfum og er sí tengdur stjórnstöð Securitas. Eina sem til þarf er Windows stýrikerfi og tenging við Internetið.

Hentar öllum

Skjáboðinn er fyrir alla þá sem þjónusta viðskiptavini augliti til auglitis. Skjáboðinn skapar öruggara vinnuumhverfi þar sem starfsmenn geta á einfaldan hátt, án þess að eftir því sé tekið, kallað á samstarfsfólk eða kallað eftir viðbragðsafla Securitas. Samstarf starfsfólks og viðbragðsafls Securitas er lykillinn að bættu öryggi vinnustaðarins.

Hafðu samband við ráðgjafa Securitas og fáðu kynningu á Skjáboðanum og hvaða þýðingu hann getur haft fyrir vinnustaðinn þinn

Hringdu í 580-7000 eða sendu okkur tölvupóst á securitas@securitas.is



NÆR 40 ÁRA REYNSLA
YFIR 500 STARFSMENN
YFIR 100 ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTUBÍLAR
RÚMLEGA 20.000 VIÐSKIPTAVINIR
Á VAKTINI ALLAN SÓLARHRINGINN - 365 DAGA ÁRSINS

Securitas hf.
580 7000
securitas@securitas.is
www.securitas.is

Reykjavík

Skeifan 8
108 Reykjavík

Reykjanes

Lóavellir 13
230 Reykjanesbær

Austurland

Strandgata 18
735 Eskifjörður

Akureyri

Tryggvabraut 10
600 Akureyri

Suðurland

Austurvegur 10
800 Selfoss